

Sundráð ÍRB

Sunddeild Keflavíkur og Sunddeild UMFN hafa starfað saman að sundmálum undir merkjum Sundráðs ÍRB frá árinu 2001. Starf ÍRB er markvisst og innan félagsins er stutt vel við alla þætti, bæði félagslega og íþróttalega. Liðsheild ÍRB einkennist af metnaðarfullum stjórnarmönnum, þjálfurum, sundmönnum og foreldrum sem standa saman til að stuðla að betri og sterkari liðsheild, og líta önnur lið til okkar varðandi markvisst skipulag, þjálfun og uppbyggingu.

Hjá ÍRB starfa 8 þjálfarar og iðkendur eru 224 talsins á aldrinum 2-19 ára.

Allt annað starf innan Sundráðs ÍRB er sjálfboðaliðastarf. Það koma margir að starfinu meðal annars stjórnarmenn og fjöldi foreldra sem starfa í kringum sundmót félagsins.

Sund krefst mikils aga og þjálfunar og er elsti hópurinn t.d. að æfa að jafnaði 21klst á viku.

Íþróttabandalag Reykjanesbæjar hefur unnið til margra verðlauna og erum við afar stolt af okkar fólki.

Aldursflokkeistarar: 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2021, 2022 og aldrei neðar en 2. sæti.

Bikarmeistarar: 2002 og 2003 í sameiginlegum karla- og kvennaflokki. Keppninni var breytt árið 2008 í sér karla- og kvennaflokk.

Bikarmeistarar karla: 2008, 2016.

Bikarmeistarar kvenna: 2013, 2014, 2016.

Einnig hefur ÍRB átt á þessum árum marga öflugra sundmenn sem hafa keppt á öllum stærstu sundmótum innan sundhreyfingarinnar. Sundmennirnir hafa á þessum tíma sett met í ýmsum flokkum. Nokkur Íslandsmet í aldursflokkum og Íslandsmet fullorðinna og svo Norðurlandamet unglunga og fullorðinna.

Norðurlandmót unglunga: Norðurlandameistara unglunga og unnið til margra verðlauna.

Norðurlandamót: Norðurlandameistara og mörg verðlaun ásamt Norðurlandameti unglunga.

Evrópumeistaramót unglunga: Bronsverðlaun.

Ólympíudagar æskunnar: Evrópumeistaramót í 25m laug: Evrópumeistari og tvenn silfurverðlaun. Evrópumeistarmót í 50m laug: Úrslit

Heimsmeistaramót: Undanúrslit

Ólympíuleikar: ÍRB hefur átt sundmenn á Ólympíuleikunum árið 2004, 2008, 2012 og Ólympíuleikum fatlaðra árið 2021.

Sundmenn frá ÍRB hafa margsinnis hlotið nafnbótina íþróttamaður Keflavíkur og Njarðvíkur síðast árið 2021 en þá hlutu sundmenn frá ÍRB nafnbótina íþróttamaður Njarðvíkur og íþróttakona Keflavíkur.

Átta Íslandsmeistaratitlar og fjórir á NM í sundi

Íslandsmeistaramótið í sundi í 25m laug fór fram í Ásvallalaug helgina 18-20nóv. Sundfólkið okkar stóð sig gríðarlega vel á mótinu en liðið vann til átta Íslandsmeistaratitla, 17 unglिंगameistaratitla og í heildina til 35 verðlauna í opnum flokk. Fjórir sundmenn syntu sig inn í landsliðshópinn fyrir Norðurlandamótið og kvennasveit ÍRB sló unglिंगametið í 4 x 50m fjórsunds boðsundi.

Sundfólkið var ekki bara að vinna marga titla heldur voru gæði sundanna mjög sterk á alþjóðlegan mælikvarða.

Að loknu Íslandsmóti þá eigum við fjóra fulltrúa í landsliði SSÍ sem keppir á í desember á Norðurlandamótinu í Bergen. Það eru þau Eva Margrét Falsdóttir, Fannar Snævar Hauksson, Guðmundur Leo Rafnsson og Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir.

Til marks um mikil gæði þá féllu alls fjörutíu og fjögur innanfélagsmet, en það elsta var frá 2001.

Yfirdómari: Deildin eignaðist nýjan yfirdómara á ÍM 25 sem við gleðjumst mikið yfir. Þá kláraði Bergþór Hólmarsson þann áfanga í náminu og telst því fullgildur yfirdómari

Landsliðshópar Sundsambands Íslands: Þó tímabilið sé rétt að byrja eru þegar 12 sundmenn frá ÍRB í hinum ýmsu landsliðshópum hjá Sundsambandi Íslands en þessir sundmenn þurfa að synda undir lágmarkum til að komast inn í þessa hópa. Miklar líkur er að þeim fjölgi þegar líða fer á tímabilið svo það er spennandi vetur framundan.

Sundráð ÍRB er almannaheillafélag.

<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/skattskylda/almannaheillaskra-skattfradrattur/#tab1>